

Nr. 070 / 12 Ölduljón**Eldur í stýrishúsi í höfn**

Skipaskr.nr. 6865
Smíðaður: Reykjavík 1980, plast
Stærð: 6,84 brl. 6,42 bt.
Mesta lengd: 8,55 m Skráð lengd: 8,45 m
Breidd: 2,9 m Dýpt: 1,47 m
Vél: Volvo Penta 119 kW,
Fjöldi skipverja: 0

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS



Ölduljón© Lögreglan

Málið afgreitt á fundi 7. desember 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. júní 2012 var skemmtibáturinn Ölduljón við bryggju í Vestmannaeyjum. Veður: Hægviðri.

Vegfarandi veitti því athygli að reyk lagði frá stýrishúsi bátsins og hringdi þegar á 112. Slökkviliðið kom fljótlega á vettvang en þá var mikill hiti kominn í yfirbyggingu bátsins. Þegar hurðin var opnuð inn í stýrishúsið varð sprenging og eldtungur brutust út (sjá mynd).



Slökkviliðið berst við eldinn á fyrstu stigum

Þrátt fyrir mikinn reyk og eld gekk greiðlega að ráða niðurlögum hans. Miklar skemmdir urðu á innviðum bátsins.



Mikill reykur var í stýrishúsinu © Sighvatur Jónsson

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var vitað um mannaferðir um bátinn frá því deginum áður og ekki var neinn hitagjafi í gangi um borð;
- að eldurinn var staðbundinn stjórnborðsmegin þegar komið var inn í stýrishúsið en þar var tengibox (rafmagnstafla) m.a. fyrir landtengingu (1x16A) rafmagns. Taflan var alveg brunnin;
- að hnífrofar voru útslegnir (höfuðrofar) sem sýndi að straumur var á lensidælum fyrir vélarúm á 24V. Einnig var 220V hleðslutæki fyrir 24V kerfið;
- að landrafmagnið var nýlegt 220V kerfi og hafði verið sett upp skv. reglum og úttekið af eftirliti;
- að samkvæmt sérfræðiáliti eru eldsupptök ókunn.



Brunastaður © Lögreglan

Nefndarálit:

Orsök eldsupptaka eru ókunn.